# Föstudagur 17. mars



## SJÓNVARPIÐ

18.00 **Gosi (12).** (Pinocchio). Teiknimyndaflokkur um ævintýri Gosa. Leikraddir Örn Árnason. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir.
18.25 **Kátir krakkar (5).** (The Vid Kids). Kanadískur myndaflokkur í þrettán þáttum. Þýðandi Reynir Harðarson.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Austurbæingar (20).** (Eastenders). Breskur myndaflokkur í léttum dúr. Þýðandi Kristmann Eiðsson.
19.25 **Leðurblökumaðurinn.** (Batman). Bandarískur framhaldsmyndaflokkur um baráttu leðurblökumannsins við undirheimamenn sem ætla að ná heimsyfirráðum. Þýðandi Trausti Júlíusson.
19.54 **Ævintýri Tinna.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.40 **Söngvakeppni Sjónvarpsins.** Íslensku lögin: Flutt lög Sverris Stormsker og Magnúsar Eiríkssonar. Kynnir Jónas R. Jónsson.
20.50 **Spurningakeppni framhaldsskólanna.** Úrslit. Stjórnandi Vernharður Linnet. Dómari Páll Lýðsson.
21.30 **Þingsjá.** Umsjón Ingimar Ingimarsson.
21.45 **Derrick.** Þýskur sakamálamyndaflokkur með Derrick lögregluforingja. Þýðandi Kristrún Þórðardóttir.
22.50 **Morant liðþjálfi.** (Breaker Morant). Áströlsk kvikmynd frá 1979. Leikstjóri Bruce Beresford. Aðalhlutverk Edward Woodward, John Waters, Bryan Brown og Jack Thompson. Myndin byggir á sannsögulegum atburðum og er um þrjá ástralska hermenn sem börðust með Bretum í Búastríðinu rétt eftir síðustu aldamót. Þeir eru dregnir fyrir herrétt og ákærðir fyrir að myrða stríðsfanga. Þegar sveitalögfræðingur frá Ástralíu kemur til að verja þá finnst þeim útlitið síður en svo bjart. Þýðandi Jón O. Edwald.
00.35 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

15.45 **Santa Barbara.** Bandarískur framhaldsþáttur.
16.30 **Eilíf æska.** Forever Young. Myndin segir frá ungum einhleypum presti og tólf ára föðurlausum snáða sem eru mjög hændir hvor að öðrum. Móðir drengsins vekur mjög sérstakar kenndir hjá prestinum sem hann getur ekki flíkað, starfs síns vegna. Dag nokkurn kemur til bæjarins gamall vinur prestsins en gömul missætti skyggja svo um munar á þessa endurfundi. Aðalhlutverk: James Aubrey, Nicholas Gecks og Alec McCowen. Leikstjóri: David Drury. Framleiðandi: David Puttnam. Þýðandi: Tryggvi Þórhallsson.
17.55 **Snakk.** Tónlist úr öllum áttum. Seinni hluti. Music Box.
18.25 **Pepsí popp.** Íslenskur tónlistarþáttur þar sem sýnd verða nýjustu myndböndin, fluttar ferskar fréttir úr tónlistarheiminum, viðtöl, getraunir, leikir og alls kyns uppákomur. Þættirnir eru unnir í samvinnu við Sanitas hf. sem kostar gerð þeirra. Umsjón: Helgi Rúnar Óskarsson. Kynnar: Hafsteinn Hafsteinsson og Nadia K. Banine.
19.19 **19:19.** Frétta- og fréttaskýringaþáttur ásamt umfjöllun um þau málefni sem ofarlega eru á baugi.
20.30 **Klassapíur.** Golden Girls. Gamanmyndaflokkur um hressar miðaldra konur sem búa saman á Flórída.
21.05 **Ohara.** Spennumyndaflokkur um litla, snarpa lögregluþjóninn og sérkennilegar starfsaðferðir hans. Aðalhlutverk: Pat Morita, Kevin Conroy, Jack Wallace, Catherine Keener og Richard Yniguez.
21.50 **Apaplánetan unninn.** Conquest of the Planet of the Apes. Fjórða myndin í sérstakri vísindaskáldsöguröð um samskipti apa við mannkynið í framtíðinni. Aðalhlutverk: Roddy McDowall, Don Murray og Ricardo Montalban. Leikstjóri: J. Lee Thompson. 20th Century Fox 1972. Sýningartími 95 mín. Aukasýning 27. apríl.
23.20 **Góða nótt, mamma.** 'night Mother. Myndin er byggð á samnefndu verðlaunaleikriti Marsha Norman, sem fjallar um unga konu sem er flogaveik, fráskilin og á einn son sem situr í fangelsi. Hún hefur eftir langa umhugsun tekið þá ákvörðun að svipta sig lífi. Hún undurbýr allt vandlega. Einu áhyggjurnar, sem hún hefur, eru af móður hennar; hvort hún muni spjara sig ein. Hún ákveður því að segja henni frá fyrirætlun sinni. Móðirin tekur hana ekki alvarlega í fyrstu en þegar hún gerir sér grein fyrir því að dóttirin meinar það sem hún segir, fyllist hún örvæntingu og reynir að telja henni trú um að lífið sé ekki svo slæmt en verður lítið ágengt. Aðalhlutverk: Sissy Spacek og Anne Bancroft. Leikstjóri: Tom Moore. Framleiðendur: Dann Byck og David Lancaster. Universal 1986. Sýningartími 95 mín. Aukasýning 30. apríl.
1.00 **Uppljóstrarinn mikli.** The Supergrass. Fyrsta flokks grínmynd um sakleysingjann Dennis sem er nýkominn úr sumarleyfi með móður sinni. Til að vekja upp hálfslokknaðan áhuga kærustunnar læst hann vera eiturlyfjasmyglari. Aðalhlutverk: Adrian Edmondson, Jennifer Saunders og Peter Richardson. Leikstjóri: Peter Richardson. Framleiðandi: Elaine Taylor. Channel 4. Sýningartími 90 mín.
2.30 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, dr. Bjarni Sigurðsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið með Ingveldi Ólafsdóttur.** Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn:** „Litla lambið" eftir Jón Kr. Ísfeld. Sigríður Eyþórsdóttir les (7.) (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi.** Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.
9.30 **Kviksjá** – „Að villast í þoku hefðarinnar". Sigríður Albertsdóttir ræðir um óhugnanlega þætti í verkum Svövu Jakobsdóttir. (Endurtekinn þáttur frá þriðjudagskvöldi.)
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Maðurinn á bak við bæjarfulltrúann.** Umsjón: Finnbogi Hermannsson. (Frá Ísafirði)
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Anna Ingólfsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti nk. miðvikudag.)
11.55 **Dagskrá.**
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.05 **Í dagsins önn** – Fjölmiðlauppeldi. Umsjón: Ásgeir Friðgeirsson.
13.35 **Miðdegissagan:** „Í sálarháska", ævisaga Árna prófasts Þórarinssonar. Þórbergur Þórðarson skráði. Pétur Pétursson les fjórtánda lestur.
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Ljúflingslög.** Svanhildur Jakobsdóttir kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt miðvikudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Stéttarfélög og kjör barna og unglinga.** Umsjón: Guðrún Eyjólfsdóttir. (Endurtekinn þáttur frá miðvikudagskvöldi.)
15.45 **Þingfréttir.**
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin. Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Símatími. Umsjón: Sigurlaug M. Jónasdóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist eftir Pjotr Tsjaíkovskí.**
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Þingmál.** Umsjón: Arnar Páll Hauksson. (Einnig útvarpað næsta morgun kl. 9.45.) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.**
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.33 **Kviksjá.** Umsjón: Friðrik Rafnsson og Halldóra Friðjónsdóttir.
20.00 **Litli barnatíminn:** „Litla lambið" eftir Jón Kr. Ísfeld. Sigríður Eyþórsdóttir les (7.) (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Blásarakvintett Reykjavíkur leikur.**
21.00 **Kvöldvaka.** a. Á Hafnarslóð. Frásöguþáttur um Grím Thomsen á æskuárum eftir Sverri Kristjánsson. Gunnar Stefánsson les. c. Stefán Íslandi syngur lög eftir Árna Björnsson, Pál Ísólfsson, Karl O. Runólfsson, Sigvalda Kaldalóns, Sigfús Einarsson o.fl. d. Úr sagnasjóði Árnastofnunar. Hallfreður Örn Eiríksson flytur fyrsta þátt sinn. Umsjón: Gunnar Stefánsson.
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Lestur Passíusálma.** Guðrún Ægisdóttir les 46. sálm.
22.30 **Danslög.**
23.00 **Í kvöldkyrru.** Þáttur í umsjá Jónasar Jónassonar.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Tónlistarmaður vikunnar.** Jón Nordal tónskáld og skólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík. Umsjón: Hanna G. Sigurðardóttir. (Endurtekinn frá þriðjudagsmorgni.)
01.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2 FM 90,1

01.10 **Vökulögin.**
7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Ólöf Rún Skúladóttir hefja daginn með hlustendum, spyrja tíðinda víða um land, tala við fólk í fréttum og fjalla um málefni líðandi stundar. Jón Örn Marinósson segir Ódáinsvallasögur kl. 7.45. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Stúlkan sem bræðir íshjörtun,** Eva Ásrún kl. 9. Morgunsyrpa Evu Ásrúnar Albertsdóttur. – Afmæliskveðjur kl. 10.30.
11.03 **Stefnumót.** Jóhanna Harðardóttir tekur fyrir það sem neytendur varðar á hvassan og gamansaman hátt.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.15 **Heimsblöðin.**
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu.** Gestur Einar Jónasson leikur þrautreynda gullaldartónlist og gefur gaum að smáblómum í mannlífsreitnum.
14.05 **Milli mála,** Óskar Páll á útkíkki og leikur ný og fín lög. – Útkíkkið upp úr kl. 14 og Arthúr Björgvin Bollason talar frá Bæjaralandi.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp fyrir þá sem vilja vita og vera með. Stefán Jón Hafstein, Ævar Kjartansson og Sigríður Einarsdóttir. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00, hlustendaþjónustan kl. 16.45. – Illugi Jökulsson spjallar við bændur á sjötta tímanum. – Stórmál dagsins milli kl. 17 og 18. – Þjóðarsálin, þjóðfundur í beinni útsendingu að loknum fréttum kl. 18.03. Málin eins og þau horfa við landslýð, sími þjóðarsálarinnar er 38500. – Hugmyndir um helgarmatinn og Ódáinsvallasögur eftir kl. 18.30.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.33 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Vinsældalisti Rásar 2.** Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir kynnir tíu vinsælustu lögin. (Einnig útvarpað á sunnudag kl. 15.00.)
21.30 **FRÆÐSLUVARP:** Lærum þýsku. Þýskukennsla fyrir byrjendur á vegum Fjarkennslunefndar og Bréfaskólans. (Endurtekinn ellefti þáttur frá mánudagskvöldi.)
22.07 **Snúningur.** Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög.
02.05 **Rokk og nýbylgja.** Skúli Helgason kynnir. (Endurtekinn þáttur frá mánudagskvöldi.)
03.00 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Fréttir kl. 4.00 og sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
8.07 – 8.30 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Austurlands.**

## FM 98,9 BYLGJAN

7.30 **Páll Þorsteinsson.** Tónlist sem gott er að byrja daginn með, fregnir af veðri og færð. Fréttir kl. 8. Potturinn kl. 9.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Föstudagstónlist. Fréttir kl. 10, 12 og 13. Potturinn kl. 11. Bibba kemur með Halldór milli kl. 11 og 12.
14.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** Föstudagsskapið allsráðandi á Bylgjunni, óskalagasíminn er 61 11 11. Fréttir kl. 14 og 16. Potturinn kl. 15 og 17. Bibba og Halldór á sínum stað.
18.00 **Fréttir.**
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.**
20.00 **Íslenski listinn.** Ólöf Marín kynnir 40 vinsælustu lög vikunnar.
22.00 **Þorsteinn Ásgeirsson á næturvakt.**
2.00 **Næturdagskrá Bylgjunnar.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.30 **Jón Axel Ólafsson.** Fréttir kl. 8.00 og fréttayfirlit kl. 8.45.
10.00 **Helgi Rúnar Óskarsson.**
14.00 **Gísli Kristjánsson.**
18.00 **Af líkama og sál.** Bjarni Dagur Jónsson. Fyrirspurnir í síma 681900.
19.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson.** Óskalagasíminn er 681900.
23.00 **Darri Ólason** á næturvakt. Kveðjur og óskalög í síma 681900.
4.00 **Næturstjörnur.** Ókynnt tónlist úr ýmsum áttum til morguns.
**Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 8.45.**

## ALFA FM-102,9

10.00 **Morgunstund.** Guðs orð og bæn.
10.30 **Alfa með erindi til þín.** Margvíslegir tónar sem flytja blessunarríkan boðskap.
15.00 **Í miðri viku.** Endurtekið frá miðvikudagskvöldi.
17.00 **Orð trúarinnar.** Blandaður þáttur með tónlist, u.þ.b. hálftímakennslu úr orðinu og e.t.v. spjalli eða viðtölum. Umsjón: Halldór Lárusson og Jón Þór Eyjólfsson. (Endurtekið á mánudagskvöldum.)
19.00 **Alfa með erindi til þín,** frh.
22.00 **KÁ-lykillinn.** Blandaður tónlistarþáttur með plötu þáttarins. Orð og bæn um miðnætti. Umsjón: Ágúst Magnússon.
00.20 **Dagskrárlok.**

## Hljóðbylgjan

**Reykjavík FM 95,7**
**Akureyri FM 101,8**

7.00 **Réttum megin fram úr.** Ómar Pétursson spjallar við hlustendur í morgunsárið, kemur með fréttir sem koma að gagni og spilar góða tónlist.
9.00 **Morgungull.** Hafdís Eygló Jónsdóttir á seinni hluta morgunvaktar, spilar tónlist við allra hæfi og segir frá ýmsum merkilegum hlutum. Afmæliskveðju- og óskalagasímarnir eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
12.00 **Ókynnt hádegistónlist.**
13.00 **Perlur og pastaréttir.** Snorri Sturluson sér um tónlistina þína og lítur m.a. í dagbók og slúðurblöð. Símanúmerin fyrir óskalög og afmæliskveðjur eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
17.00 **Síðdegi í lagi.** Þáttur fullur af fróðleik og tónlist í umsjá Þráins Brjánssonar. Meðal efnis er Belgurinn, upplýsingapakki og það sem fréttnæmast þykir hverju sinni.
19.00 **Ókynnt kvöldmatartónlist.**
20.00 **Jóhann Jóhannsson** í sínu sérstaka föstudagsskapi. Jóhann spilar föstudagstónlist eins og hún gerist best.
24.00 **Næturvakt Hljóðbylgjunnar.** Þær gerast ekki betri.
4.00 **Ókynnt tónlist til morguns.**

## Rót ÚTVARP FM 106,8

13.00 **Geðsveiflan.** Tónlistarþáttur í umsjá Alfreðs J. Alfreðssonar og Hilmars V. Hilmarssonar.
15.00 **Á föstudegi.** Grétar Miller leikur fjölbreytta tónlist og fjallar um íþróttir.
17.00 **Í hreinskilni sagt.** Pétur Guðjónsson.
18.00 **Samtökin '78.**E.
19.00 **Opið.**
20.00 **FES.** Unglingaþáttur í umsjá Gullu.
21.00 **Uppáhaldslögin.** Tónlistarþáttur, opið til umsóknar fyrir hlustendur að fá að annast þáttinn. Að þessu sinni eru það Jóhanna Reginbaldursdóttir og Jón Samúelsson.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
02.00 **Næturvakt** til morguns með Jónu de Groot. Fjölbreytt tónlist og svarað í síma 623666.

## Útvarp HAFNARFJÖRÐUR FM91.7

18.00–19.00 **Hafnarfjörður í helgarbyrjun.** Leikin létt tónlist og sagt frá menningar- og félagslífi á komandi helgi.
22.00–24.00 **Útvarpsklúbbur Flensborgarskóla** lætur gamminn geisa.



**Edward Woodward leikur Morant liðþjálfa sem lét aflífa fanga án réttarhalda.**

### Sjónvarp kl. 22.50:

# Morant liðþjálfi

Föstudagskvikmynd Sjónvarpsins Morant liðþjálfi (Breaker Morant) er ein af þeim úrvals áströlsku kvikmyndum sem komu Ástralíu á blað í kvikmyndaheiminum. Myndin er byggð á sönnum atburðum er gerðust í Búastríðinu. Þrír foringjar í ástralskri herdeild eru ákærðir fyrir að hafa tekið af lífi fanga án dóms og laga þegar yfirmaður þeirra er drepinn í árás einni.

Leiddi þetta til einhverra frægustu herréttarhalda sem sögur fara af. Frábær varnarflutningur verjanda hermannanna gerði það að verkum að erfitt var fyrir dómara að dæma þá til lífláts. Meðan á réttarhöldunum stóð réðust Búar gegn herbúðunum þar sem hermennirnir voru geymdir og það voru einmitt fangarnir sem vörðust af mestri hörku og skópu sigur Breta í þessari atlögu. Í áframhaldandi réttarhöldum er verjandanum bannað að notfæra sér hugrekki fanganna í vörn virkisins þeim til framdráttar ...

Fangarnir þrír eru leiknir af Edward Woodward, Bryan Brown og Lewis Fitz-Gerald og lögfræðinginn leikur Jack Thompson frábærlega. Það er óhætt að mæla með Morant liðþjálfa. Þar er á ferðinni gæðakvikmynd sem bæði er spennandi og dramatísk. -HK

### Rás 2 kl. 14.05:

# Pistlar frá Bæjararlandi

Upp úr kl. tvö á föstudögum hljómar kunnugleg rödd Arthúrs Björgvins Bollasonar í eyrum þeirra sem hlýða á rás 2. Í pistlum sínum greinir Arthúr Björgvin frá þeim dægurmálum sem lesa má á síðum dagblaða Sambandslýðveldisins.

Arthúr Björgvin er víðar á ferðinni á öldum ljósvakans þessa dagana og slær þá á aðra strengi og alvarlegri. Þættir hans Uglan hennar Mínervu eru á dagskrá rásar eitt klukkan 23.00 á sunnudögum og í þeim ræðir hann við vísa menn um grundvallarþætti mannlegrar tilveru, samanber trúna, þekkinguna og siðferðið. -HK



**Sissy Spacek leikur konu sem er á barmi örvæntingar í Góða nótt, mamma.**

### Stöð 2 kl. 23.20:

# Góða nótt, mamma

Góða nótt, mamma ('night mother) er gerð eftir leikriti sem meðal annars hefur verið sýnt hérlendis. Í því segir frá tveimur konum, mæðgum.

Kvikmyndin ber þess nokkur merki að vera gerð eftir leikriti. Texti er mikill og aðalpersónur aðeins tvær. Sissy Spacek leikur unga konu sem er fráskilin og á einn son sem er í fangelsi. Hún er þar að auki flogaveik. Hún heimsækir móður sína og tilkynnir henni að hún ætli að svifta sig lífi þetta sama kvöld.

Samband mæðgnanna hefur ekki verið mjög gott en í dramatískum átökum sem eiga sér stað milli þeirra kemur fram ást þeirra á hvor annarri um leið og skilningur þeirra á gerðum hvorrar fyrir sig eykst.

Góða nótt, mamma er ekkert léttmeti enda er tekið á hlut sem lítil umræða hefur verið um, sjálfsmorði, og hvort einstaklingi sé leyfilegt slíkt þegar engin von virðist framundan. Sissy Spacek og Anne Bancroft sýna snilldarleik í erfiðum hlutverkum. Góða nótt, mamma er kvikmynd sem allir hafa gott af að sjá. -HK